

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 20. mars 2016 kl. 17:00

Jón Nordal og aðrir meistarar

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Unnur Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Gylfi Gudjohnsen
Páll Ingvarsson
Finnur Jónsson

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Sverrir Teitsson
Matylda Hermanska

Bassi

Kjartan Guðnason
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Védís V. Guðmundsdóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Kristín Þóra Pétursdóttir

Fagott

Snorri Heimisson
Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Sturlaugur Björnsson
Torfi Þór Gunnarsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Gunnar Kristinn Óskarsson

Pákur og slagverk

Eggert Pálsson

Píanó

Anela Bakraji

Næstu tónleikar verða sunnudaginn 8. maí.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:

<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.


Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2016.




Nina Margrét Grímsdóttir



Oliver Kentish



Ludwig van Beethoven



Jón Nordal



Wolfgang Amadeus Mozart

Einleikari: Nina Margrét Grímsdóttir
Stjórnandi: Oliver Kentish



Efnisskrá:

Ludwig van Beethoven: Coriolan-forleikurinn op. 62

Jón Nordal: Epitafion

- HLE -

Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókoncert nr. 21 í C-dúr, K467

Allegro maestoso


Andante

Allegro vivace assai

Tónleikarnir eru tileinkaðir Jóni Nordal í tilefni af níráðisafmæli hans 6. mars síðastliðinn.

Jón var einn af hugmyndasmiðum að stofnun Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna haustið 1990, eins konar guðfaðir sveitarinnar.

Flytjendur og verk:




Ludwig van Beethoven

Ludwig van Beethoven (1770-1827) samdi Coriolan-forleikinn op. 62 undir áhrifum af mjög vinsælu leikriti þess tíma, „Coriolan“ eftir Heinrich Joseph von Collin, sem sjálfur hafði samið leikrit sitt upp úr harmleik Williams Shakespeare, „Coriolanus“. Þar segir frá stoltum rómverskum hershöfðingja sem hlotið hafði viðurnefnið Coriolanus eftir hernám borgarinnar Corioli í landi Volska á S-Ítalíu. En hershöfðinginn getur ekki lifað í friði í samræmi við rómverska spakmælið „Ex bello pax“ — friður fylgi stríði — og í því er fall hans falið.

Þess má til gamans geta að Coriolan-forleikurinn var fyrsta verk á efnisskrá fyrstu tónleika íslenskrar sinfóníuhljómsveitar, á hvítasunnudag 1925.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flutti forleikinn áður á tónleikum í nóvember 2002 og október 2011. Það er til marks um hversu stutt saga íslenskrar hljómsveitarmenningar er að á tónleikum okkar 2002 var að minnsta kosti einn tónleikagestur sem viðstaddur var og mundi vel þegar forleikurinn var fyrst fluttur á Íslandi.



Jón Nordal

Jón Nordal fæddist 6. mars árið 1926 og varð því níráður á dögumum. Jón hefur verið leiðandi persóna í íslensku tónlistarlífi síðan um miðja síðustu öld, bæði sem tónskáld og píanoleikari, og ekki síst sem kennari og skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík um áratuga skeið. Sjálfur útskrifaðist hann úr þeim skóla í píanoleik 1948 og tónsmíðum 1949. Kennarar hans voru Árni Kristjánsson píanoleikari og Jón Þórarinnsson tónskáld. Framhaldsnám stundaði hann í Zürich hjá þeim Willy Burkhard í tónsmíðum og Walter Frey í píanoleik. Hann dvaldi í nokkur ár í útlöndum, Kaupmannahöfn, París, Róm og Darmstadt þar sem hann hitti meðal annars helstu framúrstefnumenn síns tíma, svo sem Stockhausen, Nono, Maderna og Ligeti og varð auk þess fyrir miklum áhrifum frá tónlist Antons Weberns. Þegar heim kom hóf hann störf í sínum gamla skóla. Jón hefur verið afkastamikill tónskáld og eftir hann liggja fjölbreytileg tónverk, svo sem hljómsveitarverk, konsertar, kammermúsíkverk, einleiksverk fyrir píano, fiðlu og fleiri hljóðfæri, lög fyrir karlakór og einsöngslög. Jón Nordal hefur hlotið margvísleg verðlaun á sínum langa ferli. Hann nýtur heiðurslauna listamanna og hefur verið sæmdur hinna íslensku fálkaorðu og Dannebrog-orðunni. Hann varð meðlimur í Konunglegu sænsku tónlistarakademiunni árið 1968. Árið 1992 varð hann fyrsti handhafi Tónvakans, tónlistarverðlauna Ríkisútvarpsins sem veitt voru fyrir áralangt starf í þágu íslensks tónlistarlífs.

Jón samdi Epitafion 1974 til minningar um samstarfsmann sinn og vin, Einar Vigfússon sellóleikara, sem lést með svíplegum hætti haustið 1973. Einar var fremstur íslenskra sellóleikara um árabíl og leiddi sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá stofnun hennar 1950 og til dauðadags. Lengst af var hann einnig eini sellóekennari landsins og hafa flestir sellóleikarar sem starfað hafa síðan verið nemendur hans, nemendur nemenda hans, eða nemendur nemenda nemendanna. Tveir af sellóleikurum hljómsveitarinnar á tónleikunum hér í dag voru nemendur Einars.



Wolfgang Amadeus Mozart

Mozart (1756-1791) samdi 27 píanókoncerta á ferli sínum auk alls annars sem eftir hann liggur. Flesta konsertana frumflutti hann sjálfur, enda frægur á sinni tíð fyrir afburðafærni við hljóðfærið. Til marks um afköstin við tónsmíðarnar má geta þess að hann lauk við að semja konsertinn númer 21 í mars 1785, aðeins mánuði eftir að hann lauk við næsta konsert á undan, þann númer 20. Þessi konsert er meðal þekktustu verka meistarans og hefur verið notaður, meðal annars, í kvikmyndir. Frægust þeirra er eflaust sænska kvikmyndin Elvira Madigan sem gerð var 1967. Er konsertinn því stundum kenndur við hana.



Nina Margrét Grímsdóttir

Nína Margrét Grímsdóttir hefur verið umsvifamikil í íslensku tónlistarlífi undanfarin 25 ár. Eftir að hún lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík hélt hún til framhaldsnáms í Guildhall School of Music and Drama, síðan lauk hún meistaraprófi frá City University of London og doktorsprófi frá City University of New York. Nína Margrét hefur komið fram á Íslandi, Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Kína sem einleikari, með hljómsveitum og í kammertónlist. Hún hefur hljóðritað fimm geisladiska fyrir *Naxos*, *BIS*, *Acte Préalable* og *Skref*. Nína Margrét hefur verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar Klassík í hádeginu í Gerðubergi frá upphafi. Hún er aðjúnkt við tónlistardeild Listaháskóla Íslands og hefur einnig starfað við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Kópavogs auk þess að starfa við prófdæmingar tónlistarprófa fyrir Foránefnd Tónlistarskóla. Hún flytur reglulega fyrirlestra um tónlist og tónlistarrannsóknir og kennir meistaránámskeið hér á landi og við erlenda háskóla. Árið 2014 var doktorsritgerð hennar um píanoverk Páls Ísólffssonar gefin út af Lambert Academic Publishing í Þýskalandi.